



## Fundargerð

34. fundur framtíðarnefndar Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12  
12. október 2022, kl. 08:15

Viðstaddir: Íris Ósk Ólafsdóttir formaður, Aneta Grabowska, Guðni Ívar Guðmundsson, Jón Helgason, Þórunn Kristín Jónsdóttir.

Að auki sátu fundinn Halldóra Guðrún Jónsdóttir aðstoðarmaður bæjarstjóra, Silja Kolbrún Skúladóttir fulltrúi ungmennaráðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Gagnavinnsluverkefni og mælaborð hjá Reykjanesbæ (2022100217)

Jóhann Sævarsson rekstrarfulltrúi hagdeildar mætti á fundinn og kynnti gagnavinnsluverkefni og mælaborð hjá Reykjanesbæ.

### 2. Kynningarmál framtíðarnefndar (2022080084)

Þórunn Kristín Jónsdóttir, B-lista, lagði fram tillögu að kynningaráætlun framtíðarnefndar. Framtíðarnefnd mun vinna málið áfram.

### 3. Hverfaráð (2022100234)

Rætt um íbúalýðræði og hvaða leiðir er hægt að fara til að virkja það, t.d. með hverfaráði, íbúaappi og íbúavefnum Betri Reykjanesbæ. Framtíðarnefnd telur mikilvægt að mótuð verði heildstæð stefna varðandi íbúabátttöku og -lýðræði og upplýsingargjöf til íbúa og í kjölfarið hvaða verkfæri og leiðir verði hægt að nýta. Nefndin óskar eftir kynningu frá Betra Íslandi og verkefnastjóra markaðsmála.

### 4. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna – aðgerðaáætlun (2020021548)

Drög að aðgerðaáætlun Reykjanesbæjar vegna innleiðingar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna lögð fram. Óskað er eftir umsögn um áætlunina.

Framtíðarnefnd fagnar metnarfullri aðgerðaáætlun Reykjanesbæjar vegna innleiðingar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Framtíðarnefnd hefur áhyggjur af framkvæmd innleiðingar sökum skorts á fjármagni í málaflokkinn og óskar eftir kynningu frá verkefnastjóra barnvæns sveitarfélags á því hvernig innleiðingu verði háttað.

### 5. Samstarf í stafrænni umbreytingu sveitarfélaga (2019110248 - Stafræn stjórnsýsla)

Vakin athygli á upptöku af kynningu Fjólu Maríu Ágústsdóttur, breytingastjóra stafrænnar þjónustu hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, um samstarf og tækifæri sveitarfélaga í stafrænni framþróun.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:15.